

# GÁTLISTI

## VIÐAUKI IV

Mat á gæðum byggðar, umhverfi og skipulagi
út frá vistvænum þáttum og lýðheilsu.

# Gátlisti - aðferðafræði

Með gátlista þessum er verið að meta gæði byggðar, umhverfis og skipulags út frá vistvænum þáttum og lýðheilsu. Meta núverandi stöðu hvers hverfis og mögulega framtíðarþróun hverfisins.

Gátlistinn er að mestu byggður upp á aðferðarfræði bókarinnar *Shaping Neighbourhoods For local health and global sustainability* eftir Hugh Barton, Marcus Grant og Richard Guise. Í aðferðafræði bókarinnar er einblínt á fólkið, íbúa hverfisins, hverjar þeirra þarfir og væntingar eru. Einnig var horft til annarra sambærilegra verkefna.

Matsþættir gátlistans eru fimm; samfélag, athafnir daglegs lífs, efnahagur, manngert umhverfi og náttúrulegt umhverfi.
Það er almenn skoðun fólks að hverfi eigi að vera aðlaðandi, örugg, veita grunnþjónustu, hafa gott aðgengi að opnum svæðum þar sem hægt er að stunda útivist og njóta náttúrunnar. Með góðu skipulagi er hægt að skapa lífvænleg hverfi fyrir bæjarbúa og aðra hagsmunaaðila og hafa áhrif á heilbrigði og vellíðan.
Allar niðurstöður sem munu koma fram við vinnu úr þessum gátlista verða birtar á heimasíðu verkefnisins, www.kopavogur.is/hverfisskipulag, jafnt og þétt.
Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því að gátlistar geta tekið breytingum og eru í stöðugri þróun. Einnig eru hverfin fimm í Kópavogi ólík og með mismunandi áherslur og einkenni og er tekið tillit til þess þegar þessi gátlisti er notaður.

Gátlistinn getur tekið breytingum.










# Gátlisti Mat á gæðum byggðar, umhverfi og skipulagi út frá vistvænum þáttum og lýðheilsu

| Matsþáttur | Viðfangsefni hverfisskipulags | | Spurningar og athuganir til að meta gæði byggðar | Huglæg viðmið | Viðmið<br>Undir lágmarki | Mælanleg viðmið<br>I | II | III | Athugasemdir | Áætlanir og önnur gögn sem byggt er á |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 **Samfélag**<br>Þátttaka í samfélaginu.<br>Félagsleg tengsl. | Meta aðstæður í hverfinu til samveru og samskipta sem efla félagsleg tengsl.<br>Meta möguleikana til að lifa og þroskast í hverfinu heila mannsævi.<br>Skoða skóla, fjölbreytileika íbúða o.s.frv.<br>Húsnæði fyrir alla. | KÓP<br>**1.1** | -Aldur og aldursdreyfing. *<br>-Kyn.<br>-Fjöldi íbúa.<br>- Íbúaþéttleiki, hvert er heildarhlutfall íbúa/ha innan hverfisins/hverfahlutans?<br>- Íbúaþéttleiki í hverfinu samanborinn við Kópavog í heild sinni, og hverfahluta (nýtingarhlutfall, brúttó)? | Samantekt á lýðfræðilegum niðurstöðum með áherslu á sjálfbært skipulag.<br>Er íbúaþéttleiki nægjanlegur?<br>Er aldursdreifing ásættanleg? | > 3% frávik.<br><br><40 íbúar/ ha. | 2-3% frávik.<br><br>41 - 60 íbúar/ha.<br>20-30 íbúðir/ha. | 1-2% frávik.<br><br>61 - 80 íbúar/ha.<br>31 - 40 íbúðir/ha. | <1% frávik.<br><br>81+ íbúar/ha.<br>> 41 íbúðir/ha. | 3 kafli í SHN. | Upplýsingar frá Þjóðskrá.<br><br>ATH viðmið. |
| | | **1.2** | - Hver er meðalstærð íbúðaeininga, herbergjafjöldi? **<br>- Hver er tegundafjölbreytileiki húsnæðis í hverfinu?<br>Einbýli 11%.<br>Parhús/tvíbýli 8% .<br>Raðhús 9%.<br>Lítil fjölbýli (2-3 hæðir) 39%.<br>Stór fjölbýli (> 3 hæðir) 33%. | | > 6% .<br><br>> 9% frávik. | 5-6% frávik.<br><br>7-9% frávik. | 3-4% frávik.<br><br>4-6% frávik. | <3% frávik.<br><br><3% frávik. | Er hægt að þétta byggð í hverfinu?<br>Hvar þá?<br>Án þess að ganga á opin svæði.<br>Hvernig mun er tegunda-fjölbreytni í hverfinu og íbúðasamsetning til að tryggja samfélagslega blöndun innan hverfis? | - Aðalskipulag Kópavogs.<br>- Umferðaröryggisáætlun Kópavogs. |
| | | **1.3** | - Hvar eru þjónustukjarnar, skólar, íþróttamannvirki, félagsþjónusta, opin svæði, íbúðir og íbúðir eldri borgara?<br><br>- Skólahverfi, hversu mörgum íbúðum þjónar hvert skóli/skólahverfi? | Almenn samantekt á þeirri þjónust sem er í hverfinu. Er eitthvað sem vantar í hverfið? | <1000 íbúðir/ skólahverfi. | 1000 - 1100 íbúðir/skóla-hverfi. | 1101 - 1200 íbúðir/skóla-hverfi. | 1201 - 1300 íbúðir/skóla-hverfi. | Gerir skipulagið ráð fyrir nægjanlegum íbúafjölda innan hvers skólahverfis til að ná fram sem hagkvæmastri nýtingu skólamannvirkja í dag og miðaða við framtíðar íbúaþróun og aldurssamsetningu í skólahverfinu? | |

* 0-5: 9% 13-16: 5% 25-34: 16% 67+: 11%
6-12: 8% 17-24: 12% 35-66: 39%

* * 1 herb. 3% 3 herb. 26% 5 herb. 12%
2 herb. 18% 4 herb. 23% > 5 herb. 18%

# Gátlisti Mat á gæðum byggðar, umhverfi og skipulagi út frá vistvænum þáttum og lýðheilsu

| Matsþáttur | Viðfangsefni hverfisskipulags | | Spurningar og athuganir til að meta gæði byggðar | Huglæg viðmið | Viðmið<br>Undir lágmarki | Mælanleg viðmið<br>I | II | III | Athugasemdir | Áætlanir og önnur gögn sem byggt er á |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 **Athafnir daglegs lífs**<br>Gott umhverfi fyrir daglegar athafnir, sem hvetur til hreyfingar og vellíðunar. | Fjarlægðir og samgöngur.<br>Meta aðstæður til daglegs lífs, s.s. fjarlægðir og aðgengi sem hefur m.a. áhrif á daglegan ferðatíma. | KÓP<br>**2.1** | - Hvert er framboð/fjölbreytni verslunar og þjónustu í hverfinu (gefa stig). Matvöruverslun, leikskóli, skóli, leiksvæði, opið svæði, menningarmiðstöð, félagsmiðstöð, bókasafn, smásöluverslun, apótek, ÁTVR, sjoppa, sundlaug, íþróttasvæði, heilsugæsla, (hrað)banki, pósthús, veitingastaður, líkamsrækt, læknaþjónusta, hárgreiðslustofa, fatahreinsun, kirkja, lögregla, krá, bensínstöð. (alls 26 stig). | Stutt samantekt og stigagjöf fyrir fjölbreytni. | <46%<br><12 stig. | <46-60%<br>12-15 stig. | 61-75%<br>16-19 stig. | 76-100%<br>20-26 stig. | | - Tölur frá Strætó bs.<br>- Korterskort fyrir Kópavog.<br>- Umferðartalningar 2012<br>- 2013. |
| | | **2.2** | - Fjarlægðir í nærþjónustu, sbr. viðmið.<br>- Fjarlægð í skóla, leikskóla, matvöruverslun, hrað(banka), pósthús, heilsugæslu, íþróttahús, sundlaug.<br>- Fjarlægð í opin svæði, stærri útivistarsvæði, leiksvæði barna, sbr. viðmið.<br>- Fjarlægð í garðlönd | Stutt samantekt og fjarlægðarmæling.<br><br>Hversu hátt hlutfall íbúa hverfisins er í 400 m göngufjarlægð (sbr. 300 m radíus) frá þessum stöðum? (verslun og þjónustu, skóla). * | < 70%. | < 71- 80%. | 81-90%. | 91-100%. | Sjá fjarlægðarviðmið í SHN og stutt samantekt. | |
| | | **2.3** | - Almenningsvagnar og biðstöðvar.<br>- Hver er hámarks göngufjarlægð á milli strætóbiðstöðva?<br>- Fjarlægð frá strætóbiðstöð að heimili. | | >800 m.<br><br>>800 m. | 600-799 m.<br><br>600-799 m. | 400-599 m.<br><br>400-599 m. | <399 m.<br><br><399 m. | - ATH viðmið -<br><br>- ATH viðmið - | Göngufjarlægð 1,3 x loftlína (ATH) |

* sjá nánar fjarlægðarviðmið aftast í gátlista

# Gátlisti Mat á gæðum byggðar, umhverfi og skipulagi út frá vistvænum þáttum og lýðheilsu

| Matsþáttur | Viðfangsefni hverfisskipulags | | Spurningar og athuganir til að meta gæði byggðar | Huglæg viðmið | Viðmið<br>Undir lágmarki | Mælanleg viðmið<br>I | II | III | Athugasemdir | Áætlanir og önnur gögn sem byggt er á |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 **Efnahagur**<br>Aðstæður til atvinnureksturs og aðgengi að atvinnusvæðum. | Meta fjölbreytileika landnotkunar til atvinnureksturs.<br>Meta tengingu almenningsvagna við stærri atvinnusvæði bæði í Kópavogi og á höfuðborgarsvæðinu. | KÓP<br>3.1 | - Hvar eru atvinnusvæði í hverfinu/bænum?<br>- Hvernig flokkast atvinnusvæðin?<br>- Hver er stærð atvinnusvæðis í $m^2$ í hverfinu. | Stutt samantekt.<br>Hvert er nýtingarhlutfallið? (AK bls. 35-37). | | | | | Miðlæg lega Kópavogs og tengsl við stofnbrautarkerfið. Þróunarsvæðin eru atvinnusvæði í dag - þau þarf að styrkja með endurskipulagningu og frágangi. | - Aðalskipulag Kópavogs.<br>- Markaðsstofa Kópavogs.<br>- Korterskort. |
| | | 3.2 | - Hvernig tengjast leiðir Strætó stærri atvinnusvæðum í bænum og á höfuðborgarsvæðinu?<br>- Hvaða stærri atvinnusvæði eru í ásættanlegri hjólafjarlægð (15 mín) frá hverfinu?<br>- Staðsetning fyrirtækja og samgöngumannvirki. | Stutt samantekt.<br>Stutt samantekt á staðsetningu fyrirtækja og helstu samgöngumannvirki. | | | | | Er þörf á að efla verslun og þjónustu í hverfinu?<br>Hvernig verslun og þjónustu? | |
| 4 **Manngert umhverfi**<br>Gæði manngerðs umhverfis. | Meta öryggi og heilsu.<br>Meta gæði almenningsrýma og gatna m.t.t. efnisnotkunar og gróðurs.<br>Meta umhverfisgæði: umferðaröryggi, loftgæði og hljóðvist.<br>Meta sérkenni byggðar og byggingararf, arkitektúr.<br>Meta stöðu sveitarfélagsins m.t.t. flokkunar og endurvinnslu.<br>Staðarandi.<br>Menningararfur.<br>Aðstaða við stofnanir bæjarins, t.d. hjólastæði.<br>Staðbundið veðurfar. Snjómokstur/snjóþyngsli. | KÓP<br>4.1 | - Umferðaröryggi við grunnskóla.<br>- Eru göngu- og hjólaleiðir barna í skóla öruggar?<br>Merkingar gangbrauta og öryggi stíga. Lýsing, þverun gatna og hraðatakmarkandi aðgerðir. | Almenn samantekt, m.a. byggð á niðurstöðum "Ferðamátakönnun grunnskólanna". | | | | | | - Aðalskipulag Kópavogs.<br>- Slysakort Samgöngustofu.<br>- Aðgerðaáætlun gegn hávaða, hávaðamælingar 2012. |
| | | 4.2 | - Hvar eru umferðaróhöpp í hverfinu?<br>- Hvar myndast flöskuhálsar/teppur?<br>- Umferðartölur í hverfinu. | Almenn samantekt. Hvernig má draga úr óhöppum og hvernig getum við brugðist við flöskuhálsum? | | | | | | |
| | | 4.3 | - Hver eru gæði opnu svæðanna, fjölbreytileiki og afþreying?<br>- Stærð opinna svæða miðað við fjölda íbúa. | Almenn samantekt. | | | WHO miða við 9 $m^2$ á hvern íbúa. | | - ATH viðmið - | |
| | | 4.4 | - Er gert ráð fyrir sérstöku samgönguneti fyrir hjólreiðar, hjólastígar innan hverfisins og út úr því?<br>- Eru hjólastæði við stofnanir bæjarins? Þarf að fjölga þeim? | | | | | | | |
| | | 4.5 | - Er grenndargámastöð í hverfinu? Hver er fjarlægðin frá heimili? | Almenn samantekt um grenndargáma og hvort að möguleiki sé á aukinni flokkun. | | | | | - ATH viðmið - | |

# Gátlisti  Mat á gæðum byggðar, umhverfi og skipulagi út frá vistvænum þáttum og lýðheilsu

| Matsþáttur | Viðfangsefni hverfisskipulags | | Spurningar og athuganir til að meta gæði byggðar | Huglæg viðmið | Viðmið<br>Undir lágmarki | Mælanleg viðmið<br>I | II | III | Athugasemdir | Áætlanir og önnur gögn sem byggt er á |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Manngert umhverfi**<br>Gæði manngerðs umhverfis. | | KÓP<br>4.6 | - Hávaðamæling.<br><br>- Loftmengun. | Almenn samantekt um hvar þarf að bregðast við.<br><br>Almenn samantekt. | | | | | Sjá niðurstöður frá 2013<br><br>Niðurstöður frá HHK. | |
| | | 4.7 | - Byggingarár húsa.<br>- Hæðir húsa.<br>- Byggðaþróun (skipulagssagan).<br>- Húsakönnun. | -Almenn samantekt á skipulagssögu og einkennum hverfisins.<br>Setja viðmið fyrir nýja byggð út frá einkennum þess sem fyrir er og móta stefnu um hæðir húsa í hverfinu.<br><br>-Hafa byggingar í hverfinu varðveislugildi af fagurfræðilegum ástæðum? | | | | | - Leiðbeinandi fyrir framtíðaruppbyggingu í hverfinu. | |
| | | 4.7 | - “Bæjargötur” “Vistlegar götur”. | - Eru “bæjargötur” í hverfinu sem má endurhanna þar sem áhersla er á götutré, hjólastíga, götugögn, bílastæði samhliða götu o.s.frv. sem lækkar umf.hr. | | | | | | |
| | | 4.8 | - Hvernig eru tengingar á milli hverfa, sem liggja samhliða? | | | | | | | |
| | | 4.9 | - Hvar eru snjóþung svæði?<br><br>- Er þörf á betri skjólmyndun í hverfinu? | Fá svör frá áhaldahúsi. | | | | | | |
| 5 **Náttúrulegt umhverfi**<br>Virðing fyrir náttúru og viðhald vistkerfa. | Áhrif skipulags á náttúru og vistkerfi, hér er Kópavogur skoðaður í heild sinni. | KÓP<br>5.1<br><br><br><br><br><br><br><br><br>5.2 | - Gerir nýtt skipulag ráð fyrir sjálfbærum lausnum, s.s. áherslur á almenningssamgöngur, hjólastíga, opin svæði, götugróður o.s.frv.?<br>- Er fyrirhuguð uppbygging á:<br>a) nýju óröskuðu svæði (greenfield)?<br>b) á yfirgefnu/röskuðu iðnaðarsvæði (greyfield)?<br>c) á vannýttu/yfirgefnu svæði innan byggðarinnar (brownfield)?<br><br>- Hvar eru verndarsvæði og náttúruminjar?<br>- Hvar er Græni trefillinn og græni stígurinn?<br>- Hvar eru útikennslusvæði í Kópavogi?<br>- Skógræktarsvæði? | Almenn samantekt á þessum þáttum.<br><br><br><br><br><br><br><br>Almenn samantekt á þessum þáttum.<br><br>Almenn samantekt og sýna legu trefilsins.<br>Almenn samantekt.<br>Almenn samantekt.<br>(AK. bls. 56) | | | | | | - Aðalskipulag Kópavogs.<br>- Útkennslusvæði í Kópavogi 2013.<br>- Blá- og Grænfáninn.<br>- Fuglaskýrsla í Kópavogi 2013.<br>- Mælingar á loftgæðum í Kópavogi (HHK).<br>- Minjaskrá Kópavogs.<br>- Fornleifaskrá Kópavogs. |

# Viðmiðunarfjarlægðir frá heimili til að sækja nærþjónustu

